

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Kjósarhrepps.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Kjósarhrepps. Heimili þess er þar sem formaður er búsettur hverju sinni. Varnarþing er fasteignavarnarþing landeigenda í Kjósarhreppi.

2. gr.

Félagið nær til veiðiréttar jarða sem veiðirétt eiga í Laxá, Bugðu og Meðalfellsvatni, ásamt lækjum sem í það falla. Félagsmenn eru því eigendur eða ábúendur eftirtalinna 34 jarða, sem land eiga að eða veiðirétt eiga á félagssvæðinu en þær eru: Háls, Neðri-Háls, Grímsstaðir, Valdastaðir I, Valdastaðir II, Sogn I, Sogn II, Reynivellir, Vindás, Hlíðarás, Hækingsdalur, Fremri-Háls, Írafell, Möðruvellir I, Möðruvellir II, Eyjar I, Eyjar II, Hjalli, Þorlaksstaðir, Hurðarbak, Meðalfell, Káranes, Káraneskot, Laxárnes, Blöndholt, Fell, Þúfa, Þúfukot, Eyri, Eyrarkot, Grjóteyri, Flekkudalur, Sandur og Bær.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni til stangveiða í samræmi við samþykkt félagsfundar hverju sinni.

Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

4. gr.

Óheimilt skal hverjum manni að veiða á félagssvæðinu nema hann hafi samþykki félagsstjórnarinnar eða aðila, sem stjórnin hefur með samningi veitt ráðstöfunarrétt yfir veiðinni, sbr. næstu gr. Öll veiðileyfi skulu skrifleg vera og tilgreina veiðitíma.

5. gr.

Félagsstjórnin skal leigja veiðirétt á félagssvæðinu einstökum mönnum eða félögum. Þó má slíkt leyfi ekki vera nema til eins árs í senn nema lögmætur fundur samþykki, sbr. 10. gr. Nú gerir stjórnin eða leigutaki samning við fleiri aðila en einn um veiðirétt á sama tíma og skulu slíkir samningar bundnir því skilyrði að aðilarnir hlíti úrskurði stjórnarinnar um skiptingu veiðidaga og veiðisvæða á milli þeirra, ef þeir koma sér ekki saman um hagnýtingu veiðinnar.

6. gr.

Stjórn félagsins skal semja nýtingaráætlun fyrir félagssvæðið sem gilda skal til átta ára í senn og leggja hana fyrir aðalfund til samþykktar. Í nýtingaráætlun skal m.a. kveðið á um fjölda veiðidaga, daglegan veiðitíma, mörk veiðisvæða, friðun svæða fyrir veiði og takmarkanir á notkun tiltekinna veiðitækja á ákveðnum tímabilum.

7. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir skriflega á aðalfundi til þriggja ára í senn, formaður sérstaklega. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni

á víxl þannig: Formaður gengur út eitt árið, tveir stjórnarmenn næsta ár og tveir hið þriðja, og helst svo sama röð áfram. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 2. gr. Enginn félagsmaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í þrjú ár í stjórn. Kjósa skal tvo varamenn og tvo skoðunarmenn úr röðum félagsmanna til tveggja ára í senn þannig að annar varamaðurinn og annar skoðunarmaðurinn gangi út annað árið, en hinir hitt árið.

8. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en formennsku. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Hann kveður stjórnina til fundar, þegar honum þurfa þykir, eða ef minnst tveir meðstjórnendur krefjast þess. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

Stjórnin fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir.

Aðalfundur ákveður stjórnarmönnum fyrirfram þóknun fyrir þeirra störf.

9. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmati ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Landbúnaðarstofnunar. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðun var tekin.

10. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyld er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef fyrirhugað er að breyta samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykktum eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykktum eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundum ræður afl atkvæða.

Nú er fyrirhuguð atkvæðagreiðsla á fundum um að ráðast í framkvæmdir, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félagsins af veiði á því starfsári og getur þá hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundum skulu skráð í fundarbók.

11. gr.

Aðalfundur skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félags-

manna æskir þess og tilgreinir fundarefnið. Aukafundi skal einnig halda ef félagsmenn sem sameiginlega fara með ¼ eininga samkvæmt arðskrá æskja þess.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

13. gr.

Arði af veiði skal skipt niður á félagsmenn eftir arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

14. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Landbúnaðarstofnun, 3. desember 2007.

Viktor S. Pálsson, forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2008